

Nd.

229. Breytingartillögur

við frv. til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá Hannesi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Setja skal á stofn íslenskt rikishappdrætti. Í því skulu vera 25000 hlutir í 10 flokkum á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk á mánuði hverjum, nema janúarmánuð og febrúarmánuð, dráttur fyrsta flokks í marzmánuði og tíunda flokks í desembermánuði. Vinningar í öllum 10 flokkum samtals skulu vera 5000 að tölu og 1125000 kr. að fjárhæð, en verð á heilum hlut í öllum 10 flokkum skal vera 60 krónur, 6 kr. í hverjum flokki. Hlutamiðar skulu vera tölusettir 1—25000 og gefnir út heilir og hálfir, en þó er fjármálaráðherra heimilt að gefa út hlutamiða, sem skipt er í fjórðunga, ef reynslan sýnir, að það sé hentugra. Drættir fara fram í Reykjavík undir stjórn og umsjón happdrættisnefndar, sem ráðherra skipar, og hefir hún æðsta úrskurðarvald í öllum deilu- og vafamálum, er rísa út af dráttunum.

Hreinn ágóði happdrættisins gengur til þess að mynda sjóð, sem nefnist byggingarsjóður Íslands. Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ályktun á fundi sameinaðs Alþingis í hvert skipti, til þess að reisa opinberar byggingar, eftir því sem til vinnst og þörf krefur. Aldrei má þó binda þannig fyrirfram væntanlegar tekjur sjóðsins.

2. Á eftir 3. gr. koma tvær nýjar greinar, sem verða 4. og 5. gr., svo hljóðandi:
 - a. Aðalskrifstofa happdrættisins skal vera í Reykjavík, og skipar ráðherra forstjóra og ákveður honum laun með samningi. Auk þess skal ráðherra skipa, eftir tillögum forstjóra, 1 fulltrúa og 1 aðstoðarmann, en forstjóri ræður skrifara eftir þörfum, með samþykki ráðherra.
 - b. Af hverjum hlutamiða skal greiða stimpilgjald, að upphæð kr. 5.00 í öllum flokkum af heilum miða og kr. 2.50 af hálfum miða, eða kr. 0.50 í hverjum flokki af heilum miða og kr. 0.25 af hálfum miða, og rennur það gjald í rikissjóð.
3. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um íslenskt rikishappdrætti. Greinatala breytist samkv. atkvæðagreiðslu.